



Miðstjórn ASÍ gerir eftirfarandi tillögur um breytingar á lögum ASÍ á 45. þingi sambandsins 2022.

I ASÍ-UNG

Núgildandi 29. gr. er svohljóðandi:

ASÍ-UNG er samráðsvettvangur ungs launafólks í aðildarfélögum ASÍ.

Í tengslum við reglulegt þing ASÍ kemur saman þing ASÍ-UNG.

Rétt til setu á þingi ASÍ-UNG með full réttindi, á einn fulltrúi hvers aðildarfélags ASÍ á aldrinum 16-35 ára. Aðildarfélögum er heimilt að senda á eigin kostnað einn aukafulltrúa á þingið. Aukafulltrúi er með tillögu- og málfrelsisrétt en ekki atkvæðisrétt.

Þingið kýs sér formann og átta manns í stjórn sem, samræmir störf ungs launafólks í aðildarfélögum ASÍ og stýrir öðrum störfum ASÍ-UNG á milli þinga. Kjörgengir til formanns og í stjórn eru fullgildir félagar aðildarfélaga ASÍ sem náð hafa 18 ára aldri.

Stjórn ASÍ-UNG á rétt til setu á sambandsþingi ASÍ með fullum réttindum.

Formaður ASÍ-UNG á seturétt á formannafundum ASÍ með fullum réttindum.

ASÍ ber kostnað af þingum ASÍ-UNG með sama hætti og það ber kostnað af sambandsþingum ASÍ.

29. gr. verði svohljóðandi (breytingar auðkenndar):

ASÍ-UNG er samráðsvettvangur ungs launafólks í aðildarfélögum ASÍ.

Í tengslum við reglulegt þing ASÍ kemur saman þing ASÍ-UNG.

Rétt til setu á þingi ASÍ-UNG með full réttindi, **eiga fulltrúar** á einn fulltrúi hvers aðildarfélags ASÍ á aldrinum 16-35 ára **samkvæmt nánari samþykktum ASÍ-UNG**. ~~Aðildarfélögum er heimilt að senda á eigin kostnað einn aukafulltrúa á þingið. Aukafulltrúi er með tillögu- og málfrelsisrétt en ekki atkvæðisrétt.~~

Þingið kýs sér formann og átta manns í stjórn sem, samræmir störf ungs launafólks í aðildarfélögum ASÍ og stýrir öðrum störfum ASÍ-UNG á milli þinga. Kjörgengir til formanns og í stjórn eru fullgildir félagar aðildarfélaga ASÍ sem náð hafa 18 ára aldri.

Stjórn ASÍ-UNG á rétt til setu á sambandsþingi ASÍ með fullum réttindum.

Formaður ASÍ-UNG á seturétt á formannafundum ASÍ með fullum réttindum.

ASÍ ber kostnað af þingum ASÍ-UNG með sama hætti og það ber kostnað af sambandsþingum ASÍ **en þó þannig að ASÍ skal standa straum af lágmarksendurgreiðslu vegna ferðakostnaðar sem einstök aðildarfélög verða fyrir vegna eins fulltrúa frá hverju félagi, samkvæmt þeirri reglugerð um endurgreiðslu ferðakostnaðar sem sett er skv. 2.mgr. 26.gr. Séu þing ASÍ-UNG haldin utan höfuðborgarsvæðisins er miðstjórn heimilt að samþykkja að standa straum af endurgreiðslu vegna fleiri fulltrúa frá hverju aðildarfélagi en þó aldrei fleiri en hvert aðildarfélag á rétt á að senda til þingsins. Ósk þar að lútandi skal koma fram fyrir afgreiðslu fjárhagsáætlunar sambandsins á þingári.**



Greinagerð:

Tillaga þessi er samin af ASI-UNG og þess farið á leit að hún verði lögð fram af miðstjórn ASÍ fyrir 45 þing sambandsins, Í skýringum ASÍ-UNG segir: *Núverandi grein kveður á um að einn fulltrúi hvers aðildarfélags eigi seturétt á þingi ASÍ-UNG en breytingin felur í sér að talað sé bara talað um fulltrúa, ekki einn fulltrúa. Núverandi samþykktir ASÍ-UNG kveða á um að einn fulltrúi hvers félags eigi seturétt á þingi ASÍ-UNG og ekki stendur til að breyta henni í ár. Með þessari breytingu er ASÍ-UNG gefið færi á að breyta sínum samþykktum á sínu þingi, án þess að þær breytingar skarist á við samþykktir ASÍ. Í skýringum formanns ASÍ-UNG á fundi miðstjórnar 22.6 2022 kom eftirfarandi fram að í núverandi lögum eigi einn fulltrúi seturétt en tillagan gerir ráð fyrir að ASÍ-UNG fái ákvörðunarvald um hvernig fulltrúar á þingið eru valdir. Þar með skapast sá möguleiki að stærri félög geti sent fleiri fulltrúa. Til þess að það megi verði þarf að breyta 29. grein laga ASÍ. Hún sagði það jafnframt vilja stjórnar þann að stækka þingið og lagði áherslu á að vinnan væri enn á hugmyndastigi. ASÍ-UNG gætu hins vegar ekki breytt sínum samþykktum einhliða þar sem slíkt myndi rekast á fyrirnefnda grein laga ASÍ.*

Nokkur umræða varð um tillöguna í miðstjórn þann 22.6 2022. Þótti nokkrum fulltrúum hún um sumt heldur óljós og einnig var kostnaðarhlið málsins rædd. (*Miðstjórn samþykkti að leggja tillöguna fyrir 45 þing ASÍ með fyrirvara um að nánari útfærsla tillögunnar myndi liggja fyrir á fundi miðstjórnar að loknu sumarleyfi. Það er nú gert.*)

II

Sjúkrasjóðir - yfirfærsla réttinda

1. mgr. 49. gr. laga ASÍ er nú svohljóðandi:

„Sá sem öðlast hefur rétt til greiðslu úr sjúkrasjóði eins aðildarfélags, öðlast þann rétt hjá nýju aðildarfélagi skv. þeim reglum sem þar gilda eftir einn mánuð, enda hafi hann fram að því átt rétt hjá fyrra félaginu.

Greinin verði (rautt viðbót):

„Sá sem öðlast hefur rétt til greiðslu **dagpeninga og dánarbóta** úr sjúkrasjóði eins aðildarfélags, öðlast þann rétt hjá nýju aðildarfélagi skv. þeim reglum sem þar gilda eftir einn mánuð, enda hafi hann fram að því átt rétt hjá fyrra félaginu. **Sá sem öðlast hefur rétt til styrkja úr sjúkrasjóði eins aðildarfélags, öðlast rétt til styrkja hjá nýju aðildarfélagi skv. þeim reglum sem þar gilda eftir einn mánuð, enda hafi hann fram að því átt rétt hjá fyrra félaginu. Þegar sótt er um styrki í nýju aðildarfélagi skal umsækjandi leggja fram yfirlit um veitta styrki sem hann hefur þegið úr fyrra sjúkrasjóði sl. 12 mánuði.**“

Greinagerð:

Breytingunni er fyrst og fremst ætlað að auka réttindi félagsmanna aðildarfélaga ASÍ og bæta þjónustu. Samhliða því þá má jafnframt tiltaka að í umræðum innan aðildarfélaga ASÍ hefur komið fram, að ein ástæða þess að félagsmenn hiki við að hreyfa sig milli félaga, þrátt fyrir atvinnu- eða búsetuskipti, sé að réttindi innan sjúkrasjóða kunna að skerðast. Eins og ítrekað hefur komið fram í vinnu Skipulags- og starfsháttanefndar og umræðum á þingum ASÍ á undanförunum árum eru öll aðildarfélögin sammála um að nauðsynlegt sé að halda félagaskrá einn réttum og frekast sé kostur þ.e. að launafólk greiði til þeirra félaga sem semja um kaup þess og kjör. Annar háttur getur bæði lamað möguleika félaganna til markvissra verkfalla og skert möguleika til aðstoðar og



þjónustu. Mikilvægt er að réttindauppbygging og réttindaflutningur styðji markmið félaganna um rétta skráningu félagsaðildar. Á sama tíma er mikilvægt að koma í veg fyrir flakk milli félaga til sækja aukinn eða endurnýjaðan rétt. Miðstjórn samþykkti samhljóða a4á fundi sínum 22.6 2022 að leggja tillöguna fyrir þingið. (*Samþykkt í miðstjórn 22.6 2022*)

III

Sjúkrasjóðir - staðfesting viðmiðunarreglugerðar

2. mgr. 49. gr. laga ASÍ er nú svohljóðandi:

"Öllum aðildarfélögum sambandsins er skylt að setja sjúkrasjóðum félaganna reglugerðir sem hljóta skulu staðfestingu miðstjórnar ASÍ og standast lágmarksákvæði laga ASÍ. Miðstjórn skal við umfjöllun sína hafa hliðsjón af viðmiðunarreglum sem sambandsþing samþykkir. Breytingar á reglugerðum sjóðanna skulu sendar skrifstofu ASÍ."

Greinin verði (breytingar auðkenndar)

"Öllum aðildarfélögum sambandsins er skylt að setja sjúkrasjóðum félaganna reglugerðir sem hljóta skulu staðfestingu miðstjórnar ASÍ og standast lágmarksákvæði laga ASÍ. Miðstjórn skal við umfjöllun sína hafa hliðsjón af viðmiðunarreglum sem **miðstjórn sambandsþing** samþykkir. Breytingar á reglugerðum sjóðanna skulu sendar skrifstofu ASÍ."

Greinagerð:

Þegar ákvæði um staðfestingu miðstjórnar ASÍ á viðmiðunarreglugerð voru settar geymdu lög sambandsins ekki ákvæði um lágmarksréttindi líkt og 49.gr. gerir nú og voru lágmarksréttindin því "lögfest" með samþykkt viðmiðunarreglugerðar. Þar sem reglur þessar byggja nú réttindaákvæði sín á skýrum ákvæðum laga ASÍ telur miðstjórn rétt að einfalda breytingar á viðmiðunarreglugerðinni þ.e. þeim ákvæðum sem ekki fjalla um lágmarksréttindi þannig að í stað þess að sambandsþing afgreiðslu slíkar breytingar verði miðstjórn falið það hlutverk.